

SO₂-mælum stórfjölgæð um land allt

Á allra næstu dögum mun Umhverfisstofnun í samstarfi við Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra auka stórlega vöktun á styrk brennisteinsdíoxíðs (SO₂) frá eldgosinu í Holuhrauni. Keyptir hafa verið 40 mælar og verður mælingin í höndum þeirra sem starfa að almannavörnum á hverjum stað, s.s lögreglu. Við kaup á mælum var lögð höfuðáhersla á að kaupa mæla sem auðveldlega mætti koma fyrir á sem flestum stöðum um land allt til að tryggja sem þéttast mælinet á sem stystum tíma og kosturinn við að hafa þá hreyfanlega auðveldar einnig viðbragðsteymum að bregðast skjótt við ófyrirséðum aðstæðum.

Vegna eldgossins í Holuhrauni hefur undanfarið verið unnið að því að þétta net mælitækja sem mæla brennisteinsdíoxíð (SO₂). Við venjubundar aðstæður hefur hefur SO₂ nær eingöngu verið mælt í nágrenni stóriðjufyrirtækja. Eftir að eldgosid hófst og mengun frá brennisteinsdíoxíði er orðin raunverulegt vandamál í byggð skapaðist þörf fyrir að þétta mælinetið verulega og gera það hratt.

Almannavarnaryfirvöld í samráði við Umhverfisstofnun óskuðu eftir því við Landvirkjun, Alcoa, Norðurál og Elkem að þessi fyrirtæki lánuðu hluta af sínum mælibúnaði til þessa verkefnis. Fyrirtækin brugðust mjög vel við þeim beiðnum og eru þeim færðar þakkir fyrir. Þá hafa Landsvirkjun, HS Orka og Orkuveita Reykjavíkur breytt sínum mælum sem þessi fyrirtæki höfðu til að mæla H₂S (brennisteinsvetni) á jarðhitasvæðum til að mæla einnig SO₂.

Í dag birtir Umhverfisstofnun niðurstöður mælingar frá 10 SO₂-mælum í rauntíma á heimasíðunni www.loftgæði.is. Á næstu dögum munu gögn frá fleiri mælum bætast við. Nýju mælarnir eru þess eðlis að ekki er hægt að streyma mæligögnum samstundis á vefinn frá þeim en mælarnir verða vaktaðir og þegar þeir gefa til kynna hækkandi SO₂ styrk verður almenningi tilkynnt um það. Áhersla er lögð á að geta upplýst landsmenn um hver gildin eru í þeirra heimabyggð.

Á næstunni verða því alls 20 mælar, sem eru á vegum ýmissa stofnanna og fyrirtækja, með rauntímaupplýsingar um styrk SO₂. Við það mætast síðan fljótlega 23 hreyfanlegir mælar sem dreift verður um allt land. Einnig verður Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra með 17 mæla á sínum snærum. Alls verða því 60 mælar í notkun um land allt.

Nettengdir mælar verða staðsettir á eftirtöldum stöðum:

1. Akureyri
2. Vogar við Mývatn
3. Grunnskólinn í Reykjahlíð
4. Eyvindartstaðir í Kelduhverfi
5. Vopnafjörður
6. Egilsstaðir
7. Hjallaleyra í Reyðarfirði
8. Ljósá í Reyðarfirði
9. Hólmar í Reyðarfirði
10. Leirubakki í Landssveit
11. Hveragerði
12. Við Hellisheiðarvirkjun
13. Norðlingaholt í Reykjavík

14. Grensásvegur í Reykjavík
15. Færanleg stöð Reykjavíkurborgar
16. Dalsmári í Kópavogi
17. Hvaleyrarholt í Hafnarfirði
18. Grindavík
19. Gröf í Hvalfirði
20. Kríuvarða í Hvalfirði

Áætlanir gera ráð fyrir staðsetningu nýrra mæla á eftirtöldum stöðum og verður unnið í samstarfi við sveitastjórnir á hverjum stað:

1. Húsavík
2. Raufarhöfn
3. Þórshöfn
4. Bakkafjörður
5. Borgarfjörður-Eystri
6. Innst í Fljótsdal
7. Innst í Jökuldal
8. Seyðisfjörður
9. Neskaupsstaður
10. Fáskrúðsfjörður
11. Breiðdalsvík
12. Djúpivogur
13. Höfn
14. Skaftafell
15. Kirkjubæjarklaustur
16. Vík
17. Hvolsvöllur
18. Borgarnes
19. Uppsveitir Borgarfjarðar
20. Stykkishólmur
21. Ísafjörður
22. Hvammstangi
23. Sauðárkrókur

Nánari upplýsingar veita:

Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar gsm. 822-4026.

Guðfinnur Sigurvinsson upplýsingafulltrúi Umhverfisstofnunar gsm. 822-4026.